

Ég undirrituð mótmæli því að vegur verði lagður um Teigsskóg.

Í náttúruverndarlögum segir að náttúrufyrirbærum sé óheimilt að raska nema að nauðsynlegt teljist,

Tvisvar hefur vegurinn sem á að leggja yfir Teigsskóg farið fyrir umhverfismat og í bæði skiptin hefur eindregið verið mælt gegn því að fara þá leið til að stytta aksturleið fólks á leið á syðri hluta Vestfjarða. Svokallaða "D-2" er talin betri kostur af mörgum. Svo ég vitni í Ásdísi Hlökk skipulagsstjóra „Þá getum við ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að sú framkvæmd sem hefur minnst neikvæð áhrif á náttúrufyrirbæri – hún sé sú leið sem ber að velja." Allir sérfræðingar sem skoðað hafa málið eru sammála um að Þ-H leiðin um Teigsskóg sé af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið sú sem veldur mestum umhverfisspjöllum og óafturkræfum, hún brýtur lög um náttúruvernd og raskar dýra- og lífríki til frambúðar en þarna búa fuglategundir í útrýmingarhættu eins og haförn og aðrar viðkvæmar tegundir.

Það er löngu orðið brýnt að vestfirðingar fái nýjan veg, en það á ekki að koma niður á umhverfi og lífríki sveitarfélagsins.

(Guffa Kristins)